

Skattspor iðnaðarins nam 564 milljörðum

Iðnaður er stærsta útflutningsgrein Íslands og hefur umfangið sjaldan verið meira. Eitt af hverjum fjórum störfum í hagkerfinu er í iðnaði. Tækni- og hugverkaiðnaður hefur vaxið hratt og tók fram úr sjávarútveginum í fyrra.

» 12-13



Samtök
iðnaðarins

Viðskiptablaðið



Ég hygg þó að við getum borið höfuðið hátt og verið stolt af stöðunni. Okkur hefur auðnast að fjölga útflutningsstöðunum og fjölbreytni í íslensku atvinnulífi hefur aldrei verið meiri, ekki síst í iðnaði.

Árni Sigurjónsson,
formaður SI.

» 6-10



Endurskoða þarf gildandi regluverk

Lilja Björk Guðmundsdóttir, yfirlögfræðingur SI, segir óvandað regluverk afar kostnaðarsamt fyrir samfélagið og búa til álag á kerfið.

» 28



Mikil tækifæri í flóknara umhverfi

Tanya Zharov, aðstoðarforstjóri Alvotech, segir breytta heimsmynd í alþjóðaviðskiptum ekki einungis áskorun heldur einnig stórt tækifæri fyrir Ísland.

» 14-16



Gífurleg tækifæri með sæstreng

Sigríður Mogensen, sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs SI, segir að nýr fjarskiptasæstrengur myndi opna á stóraukin viðskipti við Bandaríkin.

» 24-26

Lönping 2026

MIDVIKUDAGUR 4. MARS 2026

Finnur samhljóminn

Íslensk stóriðja hefur misst forskotið

Álfheiður Ágústsdóttir, forstjóri Elkem á Íslandi, segir íslenska stóriðju hafa misst samkeppnisforskot sitt og mikilvægt sé að bregðast við stöðunni.

» 18-22



Mikilvægt að koma viljanum í verk

Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, segir flókið regluverk, vöntun á STEM-menntuðum sérfræðingum og skort á raforku meðal heimatilbúinna hindrana.

» 2-4



Kyrrstaða jafngildir afturför

Íslenskur iðnaður hefur lengi verið öflugur en blikur eru á lofti að sögn framkvæmdastjóra Samtaka iðnaðarins. Heimatilbúnar hindranir á borð við íþyngjandi regluverk og skort á innviða-uppbyggingu flækja fyrir og samkeppnishæfnin minnkar. Óvissa á alþjóðavettvangi kallar á öfluga hagsmunagæslu og stórefla þarf viðnámsþrótt. Hagnýting gervigreindar gæti ráðið úrslitum þegar kemur að samkeppnishæfni ríkja.

FANNDÍS BIRNA LOGADÓTTIR
fanndis@vb.is

Finnum samhljóminn er yfirskrift Iðnþings þetta árið, þar sem sjónum verður beint að auknu spennustigi á alþjóðasviðinu sem og áskorunum heima fyrir. „Það eru óvissutímar í heims-málunum og þá þurfum við enn frekar að ná árangri til að halda uppi öflugum lífskjörum. Ryðja þarf heimatilbúnum hindrunum úr vegi, efla hagsmunagæslu og sækja tækifærin sem núna blasa við. Viljinn er til staðar en honum þarf að breyta í verk. Þegar við finnum samhljóminn náum við árangri,“ segir Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.

„Íslenskur iðnaður er mjög öflugur og það hefur tekist einstaklega vel að halda uppi þróttmikilli starfsemi við mjög krefjandi aðstæður undanfarin ár þar sem ytri áföll hafa dunið á. Þó er langt í frá sjálfsagt að rekstur fyrirtækja gangi vel og það er keppikefli samfélagsins að viðhalda öflugri verðmætasköpun í landinu. Viða eru blikur á lofti og það eru skýr merki um kólnun hagkerfisins. Samkeppnishæfni sumra greina hefur dvínað en aðrar standa sterkar að vígi,“ segir hann enn fremur.

Íþyngjandi reglur og ófyrirsjáanleg framkvæmd stofnana hafi dregið úr samkeppnishæfni, auk þess sem flókið skipulagsferli sveitarfélaga hafi dregið úr uppbyggingu.

„Iðnaður er stærsta atvinnugreinin í íslensku hagkerfi og því skiptir miklu máli að hjólin snúist. Þannig haldast lífskjörin sterk. Það er ánægjulegt að 90% almennings telja íslenskan iðnað hafa jákvæð áhrif á samfélagið í heild,“ segir Sigurður og vísar þar til Gallup-könnunar sem framkvæmd var undir lok síðasta árs.



Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.

M MYND/EGGERT

Eigum að gera betur

Heimatilbúnar hindranir eru af ýmsum toga að sögn Sigurðar en á Iðnþingi verður sívaxandi flækjustig regluverks meðal annars tekið fyrir.

„Þá er gullhúðun regluverks mikið mein sem eykur kostnað og dregur úr fjárfestingu. Á grundvelli EES-samningsins eigum við aðgang að innri markaði Evrópu og tökum upp evrópskt regluverk. Það er hins vegar algengt að bæta í kröfurnar og þar með þarf að hafa meira fyrir því að skapa verðmætin hér á landi en í öðrum ríkjum Evrópu. Vilji er til þess að breyta en það gengur illa að koma honum í verk,“ segir Sigurður.

Skortur á STEM-menntuðum sérfræðingum sé einnig áskorun, en sökum skorts á húsnæði og fjármagni sé mörg hundruð umsækjendum um iðnnám vísað frá á hverju ári. Ástand innviða sé þá ekki nægilega gott og innviðaskuldin mikil, en hún var metin á 680 milljarða króna í

”

Ryðja þarf heimatilbúnum hindrunum úr vegi, efla hagsmunagæslu og sækja tækifærin sem núna blasa við.

Sigurður Hannesson,
framkvæmdastjóri SI


skýrslu SI og Félags ráðgjafarverkfræðinga um ástand og framtíðarhorfur innviða á Íslandi sem kom út fyrir ári. Skortur á raforku hafi tafið uppbyggingu og verðmætasköpun, og þótt stjórnvöld hafi gripið til markvissra aðgerða í orkumálum taki uppbyggingin enn allt of langan tíma.

Verðbólga og háir vextir setji fyrirtækjunum einnig skörður. Að sögn Sigurðar er það sam-

eiginlegt verkefni Seðlabankans, hins opinbera og aðila vinnumarkaðarins að ná hvoru tveggja niður.

„Við þurfum að finna samhljóminn til að ryðja heimatilbúnum hindrunum úr vegi. Þarna er yfirleitt óþarfa sóun á fjármunum og tíma og við eigum að gera betur. Það er hægt og það skilar sér í auknum verðmætum og enn betri lífskjörum,“ segir Sigurður. Blikur séu á lofti en með markvissum aðgerðum sé hægt að efla samkeppnishæfnina.

„Einfalda þarf regluverk og auka fyrirsjáanleika í afgreiðslu stofnana þannig að fyrirtæki geti einbeitt sér að verðmætasköpun. Tryggja þarf meiri orku til orkuskipta og nýrrar uppbyggingar. Markvissa sókn þarf í iðn-, tækni- og STEM-menntun og hvetja þarf fleiri til námsins svo að fyrirtæki hafi aðgang að hæfu starfsfólki. Þetta eru aðgerðir sem ekki má fresta. Kyrrstaða jafngildir afturför,“ segir Sigurður.



VIÐ BYGGJUM UPP SAMFÉLÖG

Traustir innviðir, byggðir upp í sátt við umhverfi og náttúru, einfalda okkar daglegu athafnir og gera líf okkar betra. Að baki uppbyggingunni liggur dýrmæt sérþekking, stöðugt mat og ómæld vinna færustu sérfræðinga.

Saga okkar er samofin uppbyggingu íslensks samfélags í rúm 90 ár.





90%

Iðnaður er stærsta atvinnugrein landsins og 90% landsmanna telja hann hafa jákvæð áhrif á samfélagið.

Hjólin snúast í íslensku atvinnulífi – samstillt átak í iðnaði, orkumálum og tækni er lykillinn að aukinni verðmætasköpun.

VB MYND/BIG

Hagnýting gervigreindar kappsmál

Á alþjóðavettvangi hafi spennustigið aukist. Öflugur útflutningur krefjast greiðs aðgangs að erlendum mörkuðum, en þar hafi óveðursskýin hrannast upp.

„Nú eru óvissutímar í heiminum. Það er aukið spennustig í samskiptum ríkja og það snýr líka að alþjóðaviðskiptum, þar sem tollar og aðrar verndarráðstafanir hafa aukist til þess að verja efnahag og framleiðslu í þágu aukins viðnámsþróttar,“ segir Sigurður.

„Annað sem hefur einkennt alþjóðlega umhverfið er hröð framþróun og hagnýting gervigreindar, en það gæti ráðið úrslitum um samkeppnishæfni ríkja innan nokkurra ára hvernig tækifærin á því sviði eru nýtt. Þó að þessi þróun þýði óvissu og margvíslegar áskoranir í rekstri fyrirtækja felur hún jafnframt í sér mikil tækifæri sem við þurfum að sækja,“ segir Sigurður enn fremur.

Nú þegar hafi Ísland náð árangri í hagnýtingu gervi-

Koma þarf viljanum í verk

- Fyrirtækin og almenningur finna vel fyrir mikilli verðbólgu og háum vöxtum. Óvissa í efnahagsmálum hefur ekki síst áhrif á fjárfestingar í iðnaði. „Þegar óvissa ríkir eru einungis nauðsynlegar ákvarðanir teknar og aðrar látnar biða. Þannig dregur óvissa úr fjárfestingu. Það er heilt yfir hörd samkeppni milli ríkja eða svæða um atvinnuuppbyggingu. Í nágrannaríkjunum ryðja stjórnvöld hindrunum úr vegi til að laða að verkefni,“ segur Sigurður. Hér á landi hafi stjórnvöld mótað atvinnustefnu og ráðið sérstakan starfsmann til að vinna að stórframkvæmdum, sem bendi til vilja til uppbyggingar. Þó þurfi að ganga lengra, draga úr óvissu og hindrunum svo að hægt sé að auka verðmætasköpun og efla lífskjör enn frekar.

greindarinnar, meðal annars á sviði gagnavera og með því að kenna tölvum að tala íslensku með málátæknilausnum. Tækifærin séu víðar og nefnir Sigurður tækni með tvíþætt notagildi (e. dual-use technology), sem nýtist bæði í borgaralegum tilgangi og til varna. Það sé vaxandi markaður í ljósi þess að ríki hyggist fjárfesta meira í varnar- og öryggismálum.

„Það þarf öflugri gagnatengingar við önnur lönd, aukna orku og skýran vilja stjórnvalda til að sækja þessi tækifæri. Allt þetta krefst

öflugrar hagsmunagæslu þannig að Ísland verði áfram í fremstu röð.“

Hagsmunagæslan felist meðal annars í því að viðhalda greiðum aðgangi að mörkuðum fyrir helstu útflutningsvörur og -þjónustu Íslands, en hingað til hafi tekist vel að verja Ísland á því sviði. Stórefla þurfi viðnámsþrótt og áfallaþol samfélagsins og tryggja öryggis- og varnarhagsmuni landsins í breyttum heimi. Í því felist meðal annars að efla tengslin við Bandaríkin. Þá þurfi að tala máli Íslands gagnvart Evrópu-


”

Þarna er yfirleitt óþarfa soun á fjármunum og tíma og við eigum að gera betur.

Sigurður Hannesson,
framkvæmdastjóri SI

sambandinu og fá skilning á íslenskum aðstæðum áður en Ísland innleiði regluverk ESB á grundvelli EES-samningsins.

„Úti í heimi blasa við gríðarleg tækifæri sem liggur beint við fyrir okkur að sækja í tengslum við gervigreind og stafræna innviði. Við þurfum líka að taka til heima fyrir og ryðja heimatilbúnum hindrunum úr vegi. Þannig eflum við samkeppnishæfni Íslands svo að við getum skapað sem mest verðmæti. Hagsmunagæslan felst í því að finna samhljóminn, hér heima og vera samstillt í að gæta hagsmuna Íslands úti í heimi,“ segir Sigurður.



„Sama hversu langt við erum frá landi, þá getum við **treyst á Símann.**“

Pálmi, stýrimaður á Huldu Björnsdóttur GK 11



Árni Sigurjónsson hefur setið í stjórn Samtaka iðnaðarins síðasta áratuginn og verið formaður síðastliðin sex ár.

VB MYND/BIG

Erfitt að liggja stöðugt í vörn

Árni Sigurjónsson gengur stoltur frá borði að loknum tíma sínum í formannsstól Samtaka iðnaðarins og telur samtökin aldrei hafa verið öflugri en nú. Að hans mati er staða íslensks iðnaðar heilt yfir mjög sterk, þrátt fyrir áföll og áskoranir undanfarinna ára. Þrálát verðbólga og hátt raunvaxtastig hafi lagt stein í götu iðnaðarins. Það taki á fyrir fyrirtækin að spila stöðugt vörn og lítill orka verði til staðar þegar sóknarmöguleikar bjóðist.

SVEINN ÓLAFUR MELSTED
sveinn@vb.is

Íðnþingið í ár verður það síðasta í formannstíð Árna Sigurjónssonar hjá Samtökum iðnaðarins (SI). Hann hefur lokið sex árum í formanns-stól, sem er hámarks setutími formanns samkvæmt lögum samtakanna. „Það hefur verið mér mikill heiður að vera treyst fyrir þessu mikilvæga embætti undanfarin sex ár. Þau hafa liðið ótrúlega hratt og margt gerst sem vert væri að rekja í lengra máli,“ segir hann.

Árni tók við sem formaður vorið 2020, eða einmitt um það leyti sem Covid-19 heimsfaraldurinn lagði íslenskt þjóðfélag og heimsbyggðina alla á hliðina. Árni segir að í ljósi þessa hafi

verkefnin sem biðu verið umfangsmikil og flókin. Hann hafi aftur á móti ekki komið alveg reynslulaus að borðinu, en hann var varaformaður Guðrúnar Hafsteinsdóttur, þáverandi formanns SI og núverandi formanns Sjálfstæðisflokksins, undangengin þrjú ár.

„Engin þjálfun eða reynsla gat þó undirbúið okkur fyrir þá eldraun og langhlaup sem faraldurinn var okkur öllum. Mikil orka fór í að móta og leggja til aðgerðir til að verja afkomu fólks og fyrirtækja í landinu og vernda grunnstoðir samfélagsins. Þar þurfti að koma til áður óþekkt samstarf stjórnvalda, atvinnulífs og fjölda samtaka – og skapandi lausnir við vandamálum sem engum hefði raunar dottið í hug að við þyrftum að kljást við

”

Tækifæri voru vissulega til staðar í þessari erfiðu stöðu og þar skilaði íslenskur iðnaður sínu og rúmlega það.

Árni Sigurjónsson,
formaður Samtaka iðnaðarins.

áður en faraldurinn breiddist um heiminn. Við erum fljót að gleyma þessum tíma og ég veit að margir eiga raunar erfitt með að rifja hann upp. Við getum þó lært mjög margt af þessu tímabili. Sagði ekki einhver að maður skyldi aldrei láta krísur fara til spillis? Efnahagskreppan samfara faraldrinum var djúp en sem betur fer býsna skammvinn þar sem við náðum mjög kröftugri viðspyrnu. Tækifæri voru vissulega til staðar í þessari erfiðu stöðu og þar skilaði íslenskur iðnaður sínu og rúmlega það.“
Seinni hluti formannstíðar

Árna hefur svo að hans sögn helst einkennst af óvissu og óróa í alþjóðamálum sem hafi vitaskuld haft margvísleg áhrif á íslenskan iðnað. „Blómaskeiði friðar og frjálsra alþjóðlegra viðskipta sem spannaði undanfarna áratugi var í raun allt í einu lokið. Við þurftum að horfast í augu við að upp var runninn nýr tími; ný heimsmynd, með aukinni verndarstefnu, tollamúrnum, auknum ríkisafskiptum í viðskiptum og umtalsvert meiri opinberri fjárfestingu í stefnumótandi mikilvægum atvinnugreinum en við höfðum áður séð.“

Þessi nýja staða hafi kallað á skýra stefnu af hálfu SI. „Ekki endilega stefnubreytingu frá því sem áður var sett á oddinn heldur miklu fremur að skerpa á skilaboðum og forgangsriðun,“ útskýrir Árni. „Það er óumdeilt að við Íslendingar byggjum líf skjör okkar á því að framleiða verðmæti og flytja út á erlenda markaði, sem var orðin þrautin þyngri frá því sem áður var. Okkar skilaboð hafa verið aukin

Brautryðjendur í byggingum




Alhliða ráðgjöf á öllum stigum framkvæmda

Verkefna- og hönnunarstjórnun

Umsjón og eftirlit

Byggingarstjórnun

Ráðgjöf



JTV ehf. | Hlíðasmára 2, 201 Kópavogi | jtv@jtv.is | s. 519 3220



Árni kveðst ganga afar stoltur frá borði að loknum formennskutíma sínum hjá samtökunum.

VB MYND/BIG

40%

Iðnaðurinn skapaði
tæplega 40% af heildar-
útflutningstekjum landsins
á síðasta ári.

Íslenskur iðnaður hafi jákvæð
áhrif á samfélagið í heild.

Árni segir að vissulega sé
staðan þó ólík í einstökum
greinum iðnaðar. „Mannvirkja-
og byggingariðnaðurinn finn-
ur til að mynda verulega fyrir
stöðu efnahagsmála, verðból-
gunni og því háa vaxtastigi sem
hér hefur ríkt síðustu árin og
þar sjáum við merkjanlegan
samdrátt frá fyrri árum. Þó eru
merki um stórframkvæmdir á
vegum opinberra aðila á næstu
misserum, ef marka má yfir-
lýsingar ríkisstjórnarinnar og
þær áætlanir sem birtar voru á
Útboðsþingi okkar nú í janúar.
Innviðaskuldin heldur engu að
síður áfram að hækka þar til
orðum og áætlunum verður um-
breytt í aðgerðir. Lóðaskortur
og erfið staða í húsnæðismálum
hefur staðið okkur sem þjóð
fyrir þrifum um langa hríð og
er eitt af brýnustu úrlausnar-
efnum efnahagsmála um þessar
mundir.“

Orkusækinn iðnaður, sem
hafi verið stöðug uppspretta
útflutningstekna um langa hríð,
hafi glímt við afleiðingar fram-
leiðslusamdráttar og bilana á
Grundartanga, sem vonandi
sjái fljótlega fyrir endann á, og
lokun PCC á Bakka. „Þá hafa
orkuskortur og hækkanir á raf-
orkuverði haft hvort tveggja nei-
kvæð áhrif á samkeppnishæfni
Íslands hvað orkusækinn iðnað
varðar, sem og nýfjárfestingar í
greininni. Nýlegir verndartollar
ESB á kísiljárn hjálpa heldur
ekki til en þar var þó unninn
nokkur varnarsigur miðað við
upphaflegar áætlanir. Fleira
væri hægt að tína til en hækkun
á álverði á undanförunum miss-
erum er nokkur huggun harmi
gegn.“

Framleiðslu- og matvæla-
iðnaður hafi einnig glímt við
sínar áskoranir í formi sífellt
hækkandi raforkuverðs, ýmsar
hækkanir á sköttum og gjöldum,
auk þess sem aðfangaverð hafi
í mörgum tilvikum hækkað
skarpt. „Fyrirtæki í öllum þess-
um greinum þurfa sömuleiðis
að dansa krefjandi línudans
í sínum rekstri með hliðsjón
af verulegum hækkunum á
launatengdum kostnaði. Það er

alþjóðasamvinna og jafnframt
að efla þurfi styrk og viðnáms-
þrótt samfélagsins til þess að
mæta fjölbreyttari ógnum, hvort
sem það er af mannavöldum
eða vegna náttúruhamfara. Þá
höfum við verið óhrædd við
að hvetja stjórnvöld til öflugri
gæslu á grundvallarhagsmunum
Íslands í því umröti sem nú
ríkir.“

Gengur stoltur frá borði

Árni kveðst ganga afar stoltur
frá borði og telur að samtökin
hafi aldrei verið öflugri. Fjár-
hagurinn sé mjög traustur og
starfsemin blómleg. „Ég tel að
boðskapur okkar, stefnumál og
tillögur til úrbóta fyrir sam-
félagið allt hafi almennt fengið
góðan hljómgrunn og mörg

góð mál hafa komist til fram-
kvæmda. Ég finn að á okkur er
hlustað og við njótum trausts
á flestum sviðum þjóðfélagsins.
Það er dýrmætt.“

Spurður hvað standi upp úr
í formannstíðinni nefnir Árni
það að hafa fengið að kynnast
og læra af svo mörgum öflugum
leiðtogum í íslenskum iðnaði og
raunar íslensku atvinnulífi al-
mennt. „Við eigum hreint ótrú-
legt mannval á öllum sviðum
fyrirtækjarekstrar, í iðngreinum
og menntastofnununum okkar.
Margar mínar dýrmætustu
minningar frá formannstíð-
inni eru frá heimsóknum til
félagsmanna okkar. Að fá að
njóta trúnaðar þeirra og heyra
sögurnar þeirra milliliðalaust
voru mikil forréttindi.“

Góðar vaxtarhorfur

- „Ég er bjartsýnismaður að eðlisfari og þrátt fyrir stöðugar áskor-
anir í þessum geira eru vaxtarhorfur iðnaðar traustar og góðar,”
segir Árni spurður um framtíðarhorfur í iðnaði. „Forsendurnar eru
þó að samkeppnishæfni Íslands verði tryggð til framtíðar, hér verði
aðgangur að nægri raforku og starfsumhverfið, þar með talið reglu-
verk, verði vinsamlegra vexti og bættum lífskjörum – hvetur í stað
þess að letja og tefja. Þá þurfum við að tryggja að við eigum nægan
mannauð í fjölbreyttum greinum til að geta áfram vaxið og dafnað.
Fyrir fámenna þjóð skiptir hvert og eitt okkar máli í þeim efnum. Við
þurfum að halda áfram að koma hugmyndunum okkar í fram-
kvæmd og þar stoppar okkur enginn nema við sjálf. Allt sem byggir
á hugvitinu þarf að spila áfram algjört lykilhlutverk. Eitt útilokar ekki
annað því annar og rötgrónari iðnaður nýtur undantekningalaust
góðs af vexti og uppbyggingu af þessum toga. Aukin tækniþekking
og sérþekking á auðlindum okkar og náttúrulegum áskorunum
mun vafalítið verða sífellt stærri þáttur í verðmætasköpun okkar.
Ég sagði í ræðu minni á Iðnþingi 2024 að besta leiðin til að spá fyrir
um framtíðina væri einfaldlega að skapa hana. Það mun íslenskur
iðnaður vafalítið gera um ókomna tíð.“



KALDALÓN

Rétta rýmið fyrir íslenskan iðnað

Kaldalón sérhæfir sig í útleigu fasteigna sem henta íslenskum iðnfyrirtækjum. Við gefum okkur tíma til að skilja þarfir viðskiptavina okkar og finna langtímalausnir sem henta rekstrinum.



veruleiki sem íslenskir atvinnurekendur þekkja orðið allt of vel í allt of langan tíma.“

Geta borið höfuðið hátt

Spurður um stöðu íslensks iðnaðar í samanburði við helstu nágrannabjóðir segir Árni það nokkrum annmörkum háð að bera íslenskan iðnað saman við helstu nágrannalönd okkar og hvað þá stóru iðnríki heimsins. „Ég hygg þó að við getum borið höfuðið hátt og verið stolt af stöðunni. Okkur hefur auðnast að fjölga útflutningsstöðunum og fjölbreytni í íslensku atvinnulífi hefur aldrei verið meiri, ekki síst í iðnaði. Við stöndum því betur að vígi í samanburði við aðrar þjóðir en áður var. Það er staða sem hefur ekki skapast af sjálfu sér, mikil og markviss vinna liggur þar að baki, og mikilvægt að við höldum áfram okkar striki í sömu átt. Áhersla okkar á nýsköpun og árangurinn sem hér hefur náðst í þeim efnun vekur víða athygli. Sama má segja um árangur okkar í hinum svo-kallaða græna iðnaði, þar sem lausnir og þekking sem hér hefur orðið til og þróast um árabíl er verðmæt útflutningsvara í þeirri viðleitni að ná metnaðarfullum loftslagsmarkmiðum.“

Í alþjóðasamstarfi heyri SI svipuð stef og innan eigin raða, þ.e. að samkeppnishæfni fari almennt þverrandi, regluþyrði aukist og tækniframfarir séu hraðar – sem skapi bæði tækifæri og stöðugar áskoranir fyrir flestar greinar iðnaðar, sérstaklega þær rótgrónu. „Gervigreindarkapphlaupið og mikið forskot Bandaríkjanna og Kína í hátækni iðnaði er

”

Ég hef sagt áður á þessum vettvangi, og ítreka það nú, að án orku verði enginn hagvöxtur.

Árni Sigurjónsson,
formaður Samtaka iðnaðarins.

sömuleiðis ofarlega á blaði. Þar þurfum við að verða þátttakendur eins og nokkur kostur er á.“

Brýnt að leysa

heimatilbúnar áskoranir

Árni segir íslenskan iðnað standa frammi fyrir fjölda áskorana en til hægðarauka meggi skipta þeim í tvennt. Annars vegar heimatilbúnar áskoranir og hins vegar áskoranir í ytra umhverfinu. „Undir það síðarnefnda falla m.a. óvissa í alþjóðamálum, tollamúrar, vaxandi verndarstefna, geópólitísk spennna og stríðsátök. Við getum haft meiri áhrif á heimatilbúnu áskoranirnar og vonandi stuðlað að lausn á, til að mynda háu raunvaxtaumhverfi, þrálátri verðbólgu, orkuskorti, töfum á uppbyggingu og viðhaldi orkuinnviða, innlendum kerfislægum hindrunum – til að mynda hægagangi í stjórnsýslu – blýhúðun við innleiðingu laga og reglugerða, ómarkvissri innviðauppbyggingu og verulegum áskorunum í húsnæðismálum.“ Þar þurfi samhljóm til þess að nauðsynlegar umbætur nái fram að ganga, annars sé hætt við langvarandi óstöðugleika. „Ég hef sagt áður á þessum vettvangi, og ítreka

það nú, að án orku verði enginn hagvöxtur. Við verðum alltaf að stefna að hagvexti.“

Þá séu mennta- og mannauðsmálin stöðug áskorun og of hægt gangi að leysa úr þeim bráðavanda sem lengi hafi blasað við í iðn- og tæknimenntun.

Eina stærstu áskorunina sé svo að finna í vinnumarkaðslíkaninu hér á landi. „Vinnumarkaðslöggjöfin er löngu úr sér gengin og rímar engan veginn við þær breytingar sem hér hafa orðið í atvinnuháttum. Núverandi rammi stendur frekari vexti og lífsskjarasókn fyrir þrífum og mun að óbreyttu hafa enn neikvæðari áhrif á samkeppnishæfni Íslands,“ segir Árni og leggur áherslu á að aukinn sveigjanleiki þurfi að vera í boði án þess þó að réttindum launþega sé fórnnað. „Eitt þarf ekki að útiloka annað og hér er einfaldlega verk að vinna, en það gera ekki atvinnurekendur einir og sér. Einungis samtal og samvinna sem byggir á trúnaði og trausti milli aðila vinnumarkaðarins mun koma okkur áleiðis að bættu vinnumarkaðslíkani sem horfir til framtíðar, en ekki fortíðar eins og nú.“

Heiðarlegra að hækka bara skatta

Eins og Árni hefur þegar minnst á hefur þrálát verðbólga og hátt raunvaxtastig lagt stein í götu íslensks iðnaðar. Hann segir ljóst að staða efnahagsmála sé snúin og full ástæða til að hafa áhyggjur af gangi mála. „Miklar væntingar voru gerðar til ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að vinna á verðbólgu og háu vaxtastigi, enda voru yfirlýsingar fremur

Árni segir miður að núverandi ríkisstjórn hafi haldið áfram á sömu braut og sú fyrri með því að reka ríkissjóð með halla.

VB MYND/BIG

hástemmdar í aðdraganda kosninga og við gerð stjórnarsáttmála þar um.“ Rúmu ári síðar sé árangurinn hvergi sjáanlegur og að mati Árna hefur verið staðið klaufalega að mörgum kerfisbreytingum og gjaldahækkunum sem innleiddar hafa verið. „Það er miklu heiðarlegra að einfaldlega hækka skatta en dulbúa slíkar hækkanir í formi gjalda og síðan þræta fyrir að um skattahækkanir sé að ræða. Niðurstaðan í heimilisbókhaldinu og í ársreikningum fyrirtækja er sú sama, hvaða nafni sem þú kallar það.“

Þjóðin verðskuldi skýra stefnu og hreinskilni frá stjórnsmála-leiðtogum sínum, þó að skila-boðin séu ekki alltaf jákvæð eða til skammtímavinsælda fallin. „Atvinnurekendur, einkum þeir sem reka lítil og meðalstór fyrirtæki, og heimilin í landinu finna verulega fyrir þessari erfiðu stöðu. Það tekur á að spila stöðugt vörn og lítil orka verður til staðar þegar sóknarmöguleikar bjóðast. Það er engin óskastaða.“

Að því sögðu verði núverandi ríkisstjórn þó ekki að öllu leyti kennt um stöðu efnahagsmála. „Við glínum enn við afleiðingar heimsfaraldursins í ríkisfjármálunum og þá útgjaldaaukningu sem þá var farið í, án þess að dregið hafi verið úr útgjöldum og forgangsraðað upp á nýtt þegar faraldrinum linnti.“ Náttúruhamfarir á Reykjanesi og baráttan við að verja byggðir og innviði á svæðinu hafi sömuleiðis haft sitt að segja. „Núverandi ríkisstjórn hefur hins vegar, því miður, haldið áfram á sömu braut. Hún eykur enn ríkisútgjöld, sem kallar á aukna tekjuöflun og þar af leiðandi auknar byrðar á fólk og fyrirtæki í landinu.“

Vitanlega sé enn möguleiki að snúa af þessari braut og SI hafi ítrekað bent á að fyrst og fremst sé unnt að ná markmiðum með lægri verðbólgu og vöxtum með umbótum á húsnæðismarkaði og vinnumarkaði, sem og auknu aðhaldi í ríkisfjármálum. „Lánist okkur það eru okkur allir vegir færir. Þá höfum við fagnað mótnun atvinnustefnu stjórnvalda, sem vænta má að verði samþykkt og kynnt fljótlega. Árangur stefnunnar mun hins vegar velta á þeim aðgerðum sem ráðist verður í til að fylgja eftir metnaðarfullum markmiðum. Ef vel tekst til og samhljómur næst getur atvinnustefnan verið stökkpallur inn í næsta hagvaxtarskeið.“

Við viljum þakka HS Orku fyrir gott samstarf við uppbyggingu í Svartsengi á krefjandi tímum eldgosa og hamfara. Fagmennska, samheldni og lausnamiðuð nálgun hafa skilað árangri þegar mest á hefur reynt.

Hamingjuóskir og takk fyrir samstarfið.

ÍSTAK

Byggjum saman bjarta framtíð

Sterkar stoðir sem þjóna íslensku samfélagi

istak.is

Svartsengi



Útflutningur stóriðju skilar miklum tekjum í þjóðarbúið.

Iðnaður er undirstaða hagsældar

Íslenskur iðnaður er öflug og fjölbreytt atvinnugrein sem er undirstaða hagsældar landsmanna. Verðmætasköpun iðnaðar nam 1.100 milljörðum króna á síðasta ári. Það jafngildir um fjórðungi af heildarverðmætasköpun íslensks hagkerfis. Útflutningstekjur greinarinnar námu 791 milljarði króna á því ári, eða um 40% af heildar útflutningstekjum hagkerfisins. Í greininni störfuðu í fyrra 52 þúsund manns, sem er nær eitt af hverjum fjórum störfum í hagkerfinu. Velta greinarinnar nam nær 2.300 milljörðum króna í fyrra, sem er um þriðjungur af veltu viðskiptahagkerfisins. Skattspor iðnaðar var 564 milljarðar króna árið 2024, stærst útflutningsgreina.



Ingólfur Bender



Virðisikeðja greinarinnar er fjölbætt og teygir sig langt út fyrir beinan rekstur iðnfyrirtækja.

Þessar tölur endurspeglar þó ekki heildaráhrif iðnaðarins. Virðisikeðja greinarinnar er fjölbætt og teygir sig langt út fyrir beinan rekstur iðnfyrirtækja. Fyrirtækin kaupa vörur og þjónustu af fjölda aðila í öðrum greinum og af-rakstur verðmætasköpunarinnar dreifist vítt og breitt um samfélagið. Þessi óbeinu áhrif (margföldunaráhrif) fela í sér að raunverulegt vægi iðnaðar í verðmætasköpun er meira en beinar mælingar gefa til kynna. Öflugur iðnaður er því mikilvæg forsenda fyrir vexti efnahagslífsins, þvert á greinar.

Verðmætasköpun í iðnaði byggir á samspili mannauðs og fjármagns. Greinin er

tæknivædd og krefst verulegra fjárfestinga í sérþekkingu, tækjabúnaði, nýsköpun og rannsókn- og þróunarstarfi. Slíkar fjárfestingar styðja við framleiðnivöxt og gera fyrirtækjum í greininni kleift að greiða laun sem eru að jafnaði hærri en í mörgum öðrum greinum hagkerfisins.

Iðnaður er stærsta útflutningsgreinin

Verðmætasköpun hagkerfisins byggist á útflutningi. Þar gegnir iðnaður lykilhlutverki. Hann er stærsta útflutningsgrein landsins. Útflutningstekjur iðnaðar námu 791 milljarði króna árið 2025, eða 40% af heildarútflutningstekjum þjóðarbúsins. Mikið vægi greinarinnar í út-



VB MYND/HAG

flutningi gerir það að verkum að þróun greinarinnar skiptir þjóðarbúið miklu, en útflutningstekjurnar greinarinnar hafa aukist um 88% frá árinu 2015, þegar þær námu 420 milljörðum króna.

Tvær af fjórum meginstöðum útflutnings Íslands falla undir iðnað, það er orkusækin iðnaður og tækni- og hugverkaiðnaður. Útflutningstekjur tækni- og hugverkaiðnaðar námu 369 milljörðum króna á síðasta ári, sem samsvarar 18% af heildar-útflutningstekjum hagkerfisins, þannig að sú stöð fór úr fjórða sætinu í það þriðja. Voru útflutningstekjur greinarinnar á síðasta ári í fyrsta sinn hærri en útflutningstekjur sjávarútvegsins. Útflutningstekjur greinarinnar hafa vaxið stöðugt undanfarin ár, en árið 2010 námu þær 64 milljörðum króna.

Tækni- og hugverkaiðnaður er atvinnugrein sem byggir á hugviti og fjárfestingum í

nýsköpun, oft studd af umfangsmiklu rannsóknar- og þróunarstarfi. Undir greinina falla meðal annars fyrirtæki í upplýsingatækni- og fjarskiptaiðnaði (UT), tölvuleikjagerð og gagnaversiðnaði, auk lyfjaframleiðslu, líf- og heilbrigðistækni og annars hátekniidnaðar. Vöxtur hugverkaiðnaðar á síðustu árum hefur aukið fjölbreytni í útflutningi og þannig rennt stöðum undir aukinn stöðugleika í hagkerfinu.

Útflutningstekjur iðnaðar fyrir utan tækni- og hugverkaiðnað námu 422 milljörðum króna á síðasta ári. Tekjurnar lækkuðu á milli ára, en árið 2024 námu þær 442 milljörðum króna. Útflutningstekjur þessar eru aðallega af útflutningi stóridju. Samdráttinn á milli ára má einkum rekja til lokunar PCC á Bakka, minni framleiðslu hjá Elkem og bilunar hjá Norðuráli á Grundartanga. Á móti vógu þó verðhækkanir á áli.

Eitt af hverjum fjórum störfum er í iðnaði

Hlutdeild iðnaðar í atvinnusköpun er sterk vísbending um vægi greinarinnar í hagkerfinu, en mannaúðurinn er jafnframt lykilþáttur í verðmætasköpun hennar. Verulegur hluti verðmætasköpunar greinarinnar rennur til starfsfólks í formi launa og launatengdra gjalda. Aðrir hlutar verðmætasköpunarinnar skiptast milli fjármagns í rekstri fyrirtækjanna og hins opinbera í formi skatta og gjalda.

Umfang iðnaðar á íslenskum vinnumarkaði hefur sjaldan verið meira. Tölur fyrir árið 2025 sýna að um 52 þúsund

manns störfuðu þá í iðnaði hér á landi. Það jafngildir um 23% af heildarfjölda starfandi á vinnumarkaði. Með öðrum orðum má ætla að um eitt af hverjum fjórum störfum í hagkerfinu sé í iðnaði. Þetta undirstrikar að iðnaðurinn er ein stærsta og mikilvægasta atvinnugrein landsins.

Störf í iðnaði eru jafn fjölbreytt og þau eru mörg. Þau spanna allt frá sérhæfðum störfum í litlum sprotafyrirtækjum til stórra vinnustaða í framleiðslu- og útflutningsiðnaði, auk umsvifamikilla fyrirtækja í byggingariðnaði og mannvirkjagerð. Þessi breidd gerir iðnaðinn að atvinnugrein sem veitir íslensku atvinnulífi styrk og sveigjanleika. Starfsemin er jafnframt dreifð um allt land og styður þannig við byggðafestu og atvinnuöryggi í öllum landshlutum.

Vöxtur iðnaðarins hefur verið kröftugur á undanförunum árum. Á síðustu tíu árum hefur störfum í iðnaði fjölgað um þrettán þúsund. Það jafngildir því að iðnaðurinn hafi staðið undir um 29% af heildarfjölgun starfa í hagkerfinu á tímabilinu.

Laun í iðnaði eru almennt há og liggja yfir meðallaunum í hagkerfinu. Það er ekki tilviljun, heldur endurspeglar mikla framleiðni í greininni. Tæknivæðing og aukin verðmætasköpun skila sér beint í hærri launum og betri kjörum starfsmanna. Því má segja að verulegur hluti ráðstöfunartekna íslenskra heimila eigi rætur að rekja til starfa í iðnaði, sem undirstrikar mikilvægi greinarinnar fyrir kaupmátt og lífskjör í landinu.

Stærsta skattsporið meðal útflutningsgreina

Mikil verðmætasköpun í iðnaði skilar sér ekki aðeins til fyrirtækja og starfsfólks, heldur einnig til samfélagsins í formi skattgreiðslna, oft nefnt skattspor. Skattspor vísar til heildarframlags greinarinnar til hins opinbera og þar með til fjármögnunar heilbrigðis- og menntakerfis, sem og uppbyggingar innviða, svo sem samgangna og opinberra mannvirkja.

Skattspor íslensks iðnaðar, vítt skilgreint, var 564 milljarðar króna árið 2024 samkvæmt útreikningum Reykjavík Economics. Það stækkaði frá árinu 2023 þegar það var 549 milljarðar króna á verðlagi ársins 2024. Sé horft á þröngt skilgreint skattspor (skattar sem leggjast beint á rekstur auk launagreiðslna) má sjá að iðnaðurinn er umtalsvert stærri en aðrar útflutningsgreinar, með 247 milljarða króna framlag. Til samanburðar nam vítt skattspor ferðaþjónustunnar 190 milljörðum króna og þröngt skattspor 108 milljörðum árið 2024. Þröngt skattspor fiskveiða og -vinnslu nam sama ár tæplega 80 milljörðum króna.

Skattspor iðnaðarins hefur stækkað verulega á undanförunum árum en til samanburðar nam vítt skattspor greinarinnar 439 milljörðum króna árið 2020 (á verðlagi 2024). Þessi þróun endurspeglar vöxt greinarinnar og aukna verðmætasköpun, sem skilar sér í auknum tekjum hins opinbera og styrkir þannig opinbera þjónustu og fjárfestingar.

Höfundur er aðalhafgræðingur Samtaka iðnaðarins.





Tanya bendir á að sögulega séð hafi lyf verið undanþegin tollum og því stafi fyrirtækjum á borð við Alvotech ekki ógn af slíkum viðskiptahindrunum.

VB MYND/ARI MAGG

Óþrjótandi tækifæri í breytttri heimsmynd

Tanya Zharov, aðstoðarforstjóri Alvotech, segir að í sífellt flóknara alþjóðlegu viðskiptaumhverfi sé lykilatriði fyrir Ísland að hafa skýra sýn á eigin hagsmuni. Hún er fullviss um að breytt heimsmynd í alþjóðaviðskiptum feli ekki einungis í sér áskoranir fyrir íslenskt viðskiptalíf heldur einnig fjölmörg tækifæri.

SVEINN ÓLAFUR MELSTED
sveinn@vb.is

Tanya Zharov, aðstoðarforstjóri Alvotech, segir alþjóðlega viðskiptaumhverfið að verða sífellt flóknara. Hagsmunir í viðskipta-, öryggis- og efnahagsmálum fléttist meira saman og jafnt minni sem stærri hagkerfi finni óhjákvæmilega fyrir slíkum breytingum. Við þessar aðstæður sé lykilatriði fyrir Ísland að hafa skýra sýn á eigin hagsmuni. „Við erum lítið og opið hagkerfi sem byggir á alþjóðlegu samstarfi, traustum viðskiptasamböndum og stöðugu



Tanya telur að Ísland eigi að setja í forgang að efla samkeppnishæfni útflutningsgreinanna, viðhalda fjölbreyttum viðskiptatengslum þar sem það er raunhæft og stuðla að sveigjanleika.

VB MYND/ADSEND

”

Mikilvægt er að hafa í huga að tala ekki bara við þá sem eru sammála okkur og stundum lærist mest af því að tala við þá sem eru manni ósammála.

Tanya Zharov,
aðstoðarforstjóri Alvotech

regluverki. Í því samhengi er mikilvægt að viðhalda sterkum tengslum beggja vegna Atlantshafsins og raunar ættum við almennt að hafa tengsl okkar við ríki um allan heim í huga. Ísland hefur lengi notið þess að vera talið trúverðugt samstarfsríki með stöðuga stefnu. Í óvissari heimi verður slíkt orðspor verðmætara en áður.“

Reynslan sýni að Íslendingar eigi að halda uppi virku samtali við aðrar þjóðir, halda tengslum opnum og tryggja að rödd Íslands heyrst þar sem ákvarðanir sem snerta þjóðina séu teknar. „Mikilvægt er að hafa í huga að tala ekki bara við þá sem eru sammála okkur og stundum lærist mest af því að tala við þá sem eru manni ósammála.“

Spurð hvort breytt heimsmynd, m.a. vegna tolla-stefnu Bandaríkjanna, sé ekki

Örugg eyðing gagna



Hvað gerir þú við gamla farsímann?



Hvað verður um tölvubúnaðinn þinn?



Geymir þú viðkvæmar upplýsingar á USB lykli?



Hvað verður um gögnin þín?

Gagnaeyðing eyðir hverskyns gögnum og búnaði samkvæmt alþjóðlega viðurkenndu og vottuðu ferli, allt frá móttöku til eyðingar. Eyðingin sjálf gerist með tætingu og fer kurlið til endurvinnslu hjá viðurkenndum vinnsluaðila.

Hafðu samband!

Opið mánudaga - fimmtudaga 8:30 - 17:00 og til 16:00 á föstudögum.

Örugg eyðing gagna



GAGNAEYÐING

óheppileg í ljósi þess hve mikið Ísland reiði sig á alþjóðaviðskipti segir Tanya að tollarnir hafi vissulega bitnað á sumum útflutningsgreinum. „Alþjóðaviðskipti hafa án efa gegnt lykillhlutverki í þeirri bætingu líf skjara sem orðið hefur á Íslandi á undanförunum áratugum. Opið hagkerfi hefur verið okkar styrkur. Núverandi spenna í alþjóðastjórn málum felur þó í sér aukna óvissu. Sumir geirar eru berskjaldaðri en aðrir og þróun á stórum mörkuðum getur haft keðjuverkandi áhrif á minni ríki.“

Hún leggur þó áherslu á að það sé mikilvægt að ganga ekki út frá því að við séum á leið inn í varanlegt tímabil sundrunar í alþjóðaviðskiptum. „Margt af því sem við sjáum endurspeglar stefnubreytingar á tilteknum svæðum fremur en hrun alþjóðlega viðskiptakerfisins. Ísland ætti að setja í forgang að efla samkeppnishæfni útflutningsgreinanna, viðhalda fjölbreyttum viðskiptatengslum þar sem það er raunhæft og stuðla að sveigjanleika. Sú nálgun hefur reynst okkur vel áður.“



Margt af því sem við sjáum endurspeglar stefnubreytingar á tilteknum svæðum fremur en hrun alþjóðlega viðskiptakerfisins.

Tanya Zharov, aðstoðarforstjóri Alvotech

Tollar ógna ekki lyfjafyrirtækjum

Tanya segir jafnframt mikilvægt að halda því til haga í umræðunni að sögulega séð hafi lyf verið undanþegin tollum og viðskiptahindrunum. Á því hafi ekki orðið breyting og því stafi íslenskum líftækni- og lyfjaiðnaði ekki ógn af tollaóvissu. „Hvíta húsið hefur einbeitt sér að því að reyna að lækka lyfjaverð með því að fá frumlyfjafyrirtækin til þess að bjóða sama verð í Bandaríkjunum og í Evrópu. Áherslan í gagnrýni þeirra hefur verið á frumlyfin. Alvotech framleiðir hliðstæður sem eru þegar miklu ódýrari en frumlyfin. Við stuðlum að aukinni samkeppni og knýjum stóru lyfjafyrirtækin til að lækka verð. Það er skilningur fyrir þessu í Bandaríkjunum eins og annars staðar. Það er því lítið unnið með því að hleypa upp verði á lyfjum með því að leggja tolla á líftækni hliðstæður eins og við framleiðum sem eru mun ódýrari en frumlyfið.“

Lyf hafi sögulega séð verið meðhöndluð á annan hátt en margar aðrar vörur í alþjóðaviðskiptum. Almennt hafi verið viðurkennt að aðgengi að lyfjum



Tanya Zharov gekk til liðs við Alvotech fyrir tæplega sex árum en var áður aðstoðarforstjóri Íslenskrar erfðagreiningar.

VB MYND/BIG

Sífelld að aðlagast breytingum

● Fyrir Alvotech og fleiri íslensk útflutningsfyrirtæki eru Bandaríkin algjör lykilmarkaður. Aðspurð segir Tanya árangur íslenskra fyrirtækja vestanhafs byggja á því sama og áður: að uppfylla kröfur regluverksins, tryggja gæði og rækta traust viðskiptasambönd. „Regluverk eru í stöðugri þróun og fyrirtæki sem starfa í alþjóðlegri samkeppni þurfa sífelld að laga sig að breyttum aðstæðum. Á undanförunum árum hefur alþjóðleg samkeppni um hæft starfsfólk og fjármagn farið harðnandi. Í þessu eru fólgnar bæði áskoranir og tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki. Ísland býður upp á pólitískan stöðugleika, sérþekkingu á ákveðnum sviðum og frábær lífsgæði. Slíkir þættir skipta máli þegar keppt er á alþjóðlegum vettvangi um fólk og fjármagn.“

sé lýðheilsumál og aðgengi sjúklunga sem þurfi að verja. „Enn sem komið er hafa ekki orðið grundvallarbreytingar sem raska þeirri nálgun þó að margt hafi verið sagt um fyrirætlanir þess efnis. Lyf eru áfram undanþegin tollum í Bandaríkjunum og eins og í flestum öðrum ríkjum.“

Hliðstæður og samheitalyf, sem séu ódýrari útgáfur frumlyfja, gegni jafnframt mikilvægu hlutverki í heilbrigðiskerfum um allan heim. Þessi lyf auki aðgengi, efla samkeppni og auðveldi stjórnun á kostnaði í heilbrigðiskerfinu án þess að koma niður á gæðum. „Þessir þættir veita okkar fyrirtæki ákveðna vörn á tímum aukinnar óvissu í alþjóðaviðskiptum.“

Tækifærin óþrjótandi

Aðspurð kveðst Tanya ekki velkjast í nokkrum vafa um að breytt heimsmynd feli ekki einungis í sér áskoranir heldur einnig veruleg tækifæri fyrir íslenskt atvinnu- og efnahagslíf. „Tækifærin eru óþrjótandi. Við erum tvímælalaust orðin miklu sterkari í samkeppni um fjármagn og fólk en við vorum áður. Það er hluti af þeim breytingum sem hafa orðið í heiminum; flæði fólks og fjármagns er meira en áður, staðsetning skiptir ekki sama máli og áður vegna tæknibreytinga. Það er okkur tvímælalaust í hag.“

Alvotech sé skýrt dæmi um tækifærin sem séu í boði á Íslandi. „Það kostar bara frumkvæði og áráðni að grípa þau og

0%

Lyf eru áfram með 0% tolla í Bandaríkjunum.

auðvitað umtalsvert fjármagn. Við erum að búa til nýjan iðnað, fjórðu stöðina fyrir útflutningsatvinnuvegina. Við erum að keppa við stærstu lyfjafyrirtæki heims á jafnréttisgrundvelli og með hundruð erlendra sérfræðinga í vinnu sem kusu að flytjast til landsins með fjölskyldur sínar út af því að lífskjörin eru góð og samfélagið samkeppnisfært við önnur og miklu stærri lönd, auk þess að þeim finnst spennandi að taka þátt í nýsköpun,“ segir hún og bætir við:

„Áskoranirnar núna eru ekki nýjar af nálinni. Samfélagið er vissulega fjölbreyttara en áður og það reynir á innviði á mörgum sviðum. En hvort sem við erum að tala um heilbrigðismál, menntamál, húsnæðismál eða tæknibreytingar eru þetta allt kunnugleg stef. Við munum leysa úr þessum málum eins og við höfum áður gert.“



Saman stuðlum við að sjálfbæru samfélagi

COWI er alþjóðlegt ráðgjafarfyrtæki á sviði verkfræði, hönnunar og arkitektúrs. Við erum með sex starfsstöðvar víðsvegar um landið, auk starfsemi í yfir 35 löndum og telur samstarfsfólk okkar um 7.500 sérfræðinga.

Markmið okkar eru skýr: Við, ásamt viðskiptavinum okkar, stuðlum að sjálfbærum heimi og sköpum lausnir í sameiningu sem bæta lífsgæði fólks og komandi kynslóða.

Nánar á www.cowi.is

COWI

Samkeppnishæfnin er brostin

Íslensk stóriðja hefur misst samkeppnisforskot sitt að sögn Álfheiðar Ágústsdóttur, forstjóra Elkem. Segir hún að ef haldið verði áfram á sömu braut og undanfarin ár „munu fyrirtækin leggjast af á Íslandi hvert á fætur öðru“.

TRAUSTI HAFLIDASON
trausti@vb.is

Álfheiður Ágústsdóttir hefur starfað hjá Elkem í 20 ár og verið forstjóri frá 2020. Hún segir að sögulega hafi Íslands haft mjög skýrt samkeppnisforskot í stóriðju. Stöðug raforka, samkeppnishæft verð og öflug innviðaumgjörð hafi skapað aðlaðandi rekstrarumhverfi. Þetta hafi verið ein helsta ástæðan fyrir því að fyrirtæki á borð við Elkem hafi byggt upp starfsemi hérlandis, en fyrirtækið er með verksmiðju á Grundartanga.

„Undanfarin tíu til fimmtán ár hefur þetta hins vegar verið að breytast,“ segir Álfheiður. „Samkeppnisstaða Íslands hefur smám saman veikt, bæði vegna þróunar á innlendum orkumarkaði og vegna hraðra breytinga í alþjóðlegu umhverfi, þar sem aðrar þjóðir hafa sett sér markvissa iðnaðarstefnu og boðið fram betri rekstrarforsendur.

Í dag er ljóst að það forskot sem Ísland bjó áður yfir er að mestu horfið. Það þýðir þó ekki að Ísland sé óaðlaðandi — heldur að forsenda áframhaldandi uppbyggingar krefst skýrari stefnu, aukins fyrirsjáanleika og þess að jafna samkeppnisstyrði við það sem helstu keppinautar bjóða. Með réttum skrefum getur landið endurheimt sterka stöðu sína sem tryggur og samkeppnishæfur áfangastaður fyrir orkufrekan, útflutningsdrifinn iðnað.“

Óvissa og lítill fyrirsjáanleiki

Spurð hvort íslensk stóriðja sé þá ekki lengur samkeppnishæf svarar Álfheiður: „Íslensk stóriðja hefur á síðustu árum misst samkeppnisforskot sitt, sem áður byggðist á stöðugu orkuframboði, skýru regluverki og hagstæðum rekstrarskilyrðum. Þessir þættir eru ekki lengur sjálfgefnir.

Óvissa í orkumálum, flöskuhálsar í leyfisferlum og hægðar ákvarðanir um uppbyggingu orkukerfisins hafa grafið undan fyrirsjáanleika sem fyrirtæki í alþjóðlegri samkeppni byggja á. Þegar við bætum við sveiflukennndum heimsmarkaði, þar sem hrávörur ráða bæði tekjum og kostnaði, er ljóst að íslensk fyrirtæki standa í dag höllum fæti gagnvart keppinautum sem starfa við stöðugri rekstrarskilyrði.

Samkeppnishæfnin tapast ekki á einni nóttu, en hún dregst hratt saman ef kjarnainnviðir, orkuöryggi og stefnumótun halda ekki í við umheiminn. Þar erum við ekki í takt við þróunina. Íslensk stóriðja er ekki

lengur með það forskot sem hún hafði. Nú reynir á að endurheimta það með stöðugleika, hraða og skýrri langtímasýn — áður en bilið breiðkar enn frekar.“

Stóra spurningin

Hvað þarf að breytast í reglu- og/eða skattumhverfinu til að tryggja áframhaldandi starfsemi og fjárfestingu í stóriðju hérlandis?

„Þetta er stóra spurningin í dag; hvernig ætlum við að tryggja samkeppnishæfni iðnaðar ekki bara á Íslandi heldur í allri Evrópu? Ég tel mikilvægast að aðilar horfist í augu við að samkeppnishæfnin er brostin og fyrir Ísland er staðan sú að við stöndum höllum fæti jafnvel

gagnvart öðrum framleiðendum innan Evrópu.

Takast verður á við heildarraforkukostnað fyrirtækjanna og horfa verður þá til bæði orkuverðsins sem og flutn-



Samkeppnisstaða Íslands hefur smám saman veikt, bæði vegna þróunar á innlendum orkumarkaði og vegna hraðra breytinga í alþjóðlegu umhverfi.

Álfheiður Ágústsdóttir,
forstjóri Elkem á Íslandi.

ingskostnaðar á orkunni. Það mikilvægasta sem þarf að gera í dag að mínu mati er að ná utan um heildræna mynd og stefnumörkun í þessum stóru áhrifaþáttum. Ef ekkert verður að gert og við höldum áfram á sömu braut munu fyrirtækin leggjast af á Íslandi hvert á fætur öðru.“

Er pólitísk óvissa farin að hafa áhrif á langtímaáætlanir fyrirtækisins?

„Já, pólitísk óvissa hefur áhrif á langtímaáætlanir okkar, þó ekki endilega í formi einstakra mála eða ákvarðana, heldur vegna þess að stærsti áhrifaþátturinn í rekstri okkar er traustur og fyrirsjáanlegur aðgangur að raforku á samkeppnishæfum grunni. Sú óvissa er farin að vega þungt.



Að sögn Álfheiðar hefur ETS-kerfi Evrópusambandið veruleg áhrif á rekstur orkufreks iðnaðar á Íslandi. Fyrirtæki þurfa að kaupa losunarheimildir og bera jafnframt hærra raforkuverð vegna kolefniskostnaðar í Evrópu.

Enginn stuðningur vegna ETS

● Álfheiður segir flókið regluverk hafa mikil áhrif á rekstur Elkem og stóriðjunnar á Íslandi almennt.

„Langstærsti áhrifaþátturinn er ETS, eða kolefnisskattar, en stóriðjan á Íslandi starfar undir ETS-kerfi Evrópusambandsins,“ segir hún. „Stóriðjan þarf því að kaupa heimildir til losunar á markaði ef fyrirtækin losa yfir því marki sem endurgjaldslausar heimildir veita. Þetta kerfi hefur þannig bein áhrif á framleiðslukostnað fyrirtækjanna.

Auk þessa hækka kerfið kostnað fyrirtækjanna í gegnum hækkanði flutningskostnað vegna kolefniskostnaðar, sem lagður er á skipa- og flugfélög, en stærsti áhrifaþátturinn er hækkan á raforkuverði til fyrirtækjanna vegna kolefniskostnaðar í orkuframleiðslu í Evrópu. Íslensk orkufyrirtæki verðleggja orkuna miðað við alþjóðleg viðmið og þar af leiðandi hækka raforkuverð til íslenskra notenda þrátt fyrir að hér sé aðeins framleidd orka með endurnýjanlegum hætti.

Þetta skapar hættu á kolefnisleika og að fyrirtæki innan Evrópu missi fótanna vegna hækkanði kolefniskostnaðar og framleiðslan færir úr Evrópu til landa með lægri kolefniskostnað. Evrópusambandið leyfir því ríkjum að endurgreiða hluta af óbeinum

ETS-kostnaði, sem kemur í gegnum orkuverðið aftur til stórnotendanna til að bæta upp fyrir þann hluta raforkuverðs sem hækka vegna ETS-kolefna-verðsins.

Ísland hefur ekki verið með þennan stuðning til sinna framleiðenda, sem veldur því að fyrirtæki á Íslandi hafa misst samkeppnisforskot sitt með hækkanði orkukostnaði.

Auk þessa er fjöldi annara þátta sem hafa áhrif á starfsemina hér og hækka kostnað fyrirtækjanna. Má þar nefna BAT-reglugerðina, sem gerir kröfur á fjárfestingu í verksmiðjunum í samræmi við „best available techniques“-reglugerðir og kröfur um umhverfissvöktun, öryggismál og vinnumarkað.

Við erum stolt af því að standa okkur vel og viljum ekki gefa afslátt í þessum málaflokkum. Það verður samt að horfast í augu við að þetta hækka kostnað framleiðenda, sem eru í alþjóðlegri samkeppni við ríki sem gera ekki sömu kröfur. Við verðum ævinlega að vera vakandi yfir því að tryggja samkeppnishæfnina til að koma í veg fyrir að framleiðslan leggst af hér og færir til ríkja sem geta ekki státað af því að standa sig jafn vel í umhverfis, öryggis og vinnumarkaðsmálum.“



Framleiðsla í kísiljárnverksmiðjunni á Grundartanga hófst árið 1979.

VB MYND/EYÞÓR

”Ég tel mikilvægast að aðilar horfist í augu við að samkeppnishæfnin er brostin og fyrir Ísland er staðan sú að við stöndum höllum fæti jafnvel gagnvart öðrum framleiðendum innan Evrópu.

Álfheiður Ágústsdóttir, forstjóri Elkem á Íslandi.

Fyrirtæki eins og okkar geta ekki gert raunhæfar langtíma-áætlanir ef óljóst er hvernig raforkumál þróast, hvort gripið verður til skerðinga og hvort langtímasamningar munu tryggja okkur rekstrarforsendur sem eru sambærilegar við þau fyrirtæki sem við keppum við á alþjóðamörkuðum. Þá skiptir allt máli, bæði flutningskostnaður raforku, raforkuverðið, aðgengi að raforku sem og rammaumhverfið sem fyrir-tækið mun búa við.“

Einstaklega flókin staða

Spurð hvort nægjanleg stefnumótun sé í gangi hjá stjórnvöldum til að tryggja stöðugleika og samkeppnishæfni stóriðju svarar Álfheiður: „Rekstur stóriðju byggir á lang-

Áskoranir Elkem

- Álfheiður segir helstu áskoranir í starfsemi Elkem næstu árin fyrst og fremst snúa að því að tryggja rekstrarforsendur í flóknu og sýbreytilegu alþjóðlegu umhverfi. Í þessu samhengi skipti þrír þættir mestu máli.

Í fyrsta lagi þurfi að tryggja nýjan raforkusamning á samkeppnishæfum forsendum. „Raforkan er stærsti einstaki áhrifaþáttur í rekstri Elkem. Það er því lykilatriði að tryggja langtímasamning sem skapar fyrirsjáanleika í verði, afhendingaröryggi og skýrar forsendur um skerðingar. Án slíks samnings er ekki hægt að byggja undir fjárfestingar, framleiðsluþróun eða áframhaldandi uppbyggingu starfseminnar á Grundartanga.“

Í öðru lagi þurfi að byggja undir samkeppnishæfni í því umróti sem nú ríki á heimsmarkaði. „Alþjóðlegt rekstrarumhverfi fyrir málmframleiðslu hefur sjaldan verið jafn óstöðugt. Hrávöruverð, tollar og innflutningshindranir inn á markaði, aukin reglusetning og breytilegar stuðningsaðgerðir í helstu iðnríkjum skapa áskoranir fyrir íslenska framleiðendur. Að halda samkeppnishæfni krefst þess að innlend rekstrarskilyrði séu sambærileg við þau sem keppinautar okkar búa við.

Í þriðja lagi þurfi að aðlagast verndartollum og breyttum verslunarskilyrðum í Evrópu. „Elkem Ísland starfar eftir regluverki Evrópusambandsins, eins og áður segir. Því gilda sömu rök um verndaraðgerðir (e. safeguard measures) gagnvart okkur og evrópskum framleiðendum. Ef óvissa um aðild að innri markaði Evrópu verður viðvarandi mun það hafa áhrif á framtíðaráætlanir og draga úr vilja til fjárfestinga á Íslandi.“

tímasýn, stöðugum rekstrarforsendum og skýru regluverki. Íslensk stjórnvöld hafa vissulega sett fram ýmsar áætlanir um atvinnustefnu, byggðarþróun, orkumál og loftslagsmarkmið.

Staðan sem er komin upp er þó einstaklega flókin og hefur íslenskur orkusækin iðnaður tapað samkeppnisforskoti sínu sem áður var til staðar. Fyrir fyrirtæki eins og Elkem, sem

keppa á alþjóðlegum mörkuðum, er samkeppnishæfni landsins grunnforsenda rekstrarins.

Í þeirri flóknu stöðu sem upp er komin, þar sem Elkem er beitt verndartollum inn á Evrópu-markað en þarf á sama tíma að starfa eftir evrópsku regluverki með tilheyrandi kostnaði, reynir á að stjórnvöld vinni hratt og markvisst þannig að fyrirtækið, sem stendur undir verðmæta-sköpun og hátekjustörfum, verði ekki undir í alþjóðlegri samkeppni.“

30 milljarða útflutningsverðmæti

Álfheiður segir að stærstu afleiddu áhrif Elkem á íslenskt hagkerfi felist í útflutningsverðmætunum, sem nemi um 30 milljörðum króna á ári.

„Starfsemin skapar jafnframt fjölda óbeinna starfa í tengdum greinum og styður við lykilinnviði eins og raforkuframleiðslu og flutningskerfi. Hún hefur afgerandi áhrif á rekstrargrundvöll sveitarfélaga og stuðlar að stöðugleika í hagkerfinu. Því er Elkem mikilvægt iðnfyrirtæki þegar horft er til bæði beinna og óbeinna efnahagslegra áhrifa.“

Áhrif stóriðju á landsbyggðinni

Að sögn Álfheiðar hafa stór iðnfyrirtæki gríðarlega jákvæð áhrif á landsbyggðinni.

„Þau skapa hátekjustörf, styrkja stöðuga búsetu og skila mikilli verðmætasköpun, sem kemur bæði svæðinu og þjóðarbúinu til góða. Í kringum þau myndast fjölbreyttur stuðningsiðnaður, þau halda uppi öflugum innviðum, ekki síst orku- og flutningskerfi, sem og að draga úr sveiflum í hagkerfinu með sterkri útflutningsstöð. Þegar slík starfsemi veikist eða hverfur bitnar það beint á atvinnuöryggi, byggðapróun og heildarhagvexti landsins.“

Spurð hvaða áhrif það hefði fyrir Vesturland ef Elkem myndi draga verulega úr starfsemi sinni eða hætta rekstri svarar Álfheiður:

„Ef starfsemi Elkem hyrfi af Grundartanga myndi það hafa gríðarleg áhrif á Vesturland,“ segir hún. „Fyrst og fremst myndi fjöldi hátekjustarfa tapast, bæði bein og óbein, og með því yrði undirstaða atvinnulífsins á svæðinu veikari.“

Í kringum verksmiðjuna hefur byggst upp fjölbreyttur stuðningsiðnaður, fyrirtæki í ýmiss konar viðhalds- og fjárfestingarverkefnum, flutningsþjónustu, tækniþjónustu og fjölda annarra greina sem starfa í þjónustu við starfsemina. Ef þessi kjarni dettur út hverfur líka stór hluti þessarar keðjuverkunar.

Hjá sveitarfélögunum myndi tekjugrundvöllur veikjast verulega. Útsvar, fasteignagjöld og önnur gjöld sem halda uppi þjónustu á svæðinu myndu minnka, og það bitnar fljótt á innviðum og þjónustu. Í litlum samfélögum er þessi tekjulind ekki eitthvað sem hægt er að fylla upp á nokkrum mánuðum eða árum, þetta hefði því langvarandi áhrif.

Áhrifin næðu líka út fyrir vinnumarkaðinn, en þegar lykilatvinnuveitandi hverfur dregur það úr stöðugri búsetu, fækkar tækifærum fyrir ungt fólk og dregur úr trú á framtíð svæðisins. Þetta hefur sagan margsýnt á svæðum þar sem stór fyrirtæki hafa lokað og samfélög missa fótfestu, fólk fækkar og þjónusta rýrnar.

Að lokum myndi brottfall Elkem veikja útflutningsstöðir svæðisins og þar með þjóðarbúsins í heild. Orkusækinn iðnaður gegnir mikilvægu hlutverki í að jafna sveiflur í hagkerfinu, tryggja stöðugar gjaldeyristekjur og halda uppi innviðum sem nýtast öllum. Ef þessi stöð veikist verður þjóðhagslegur ávinningur minni og sveiflurnar í hagkerfinu meiri.



Álfheiður segir pólitíska óvissu farna að hafa áhrif á langtímaáætlanir Elkem.

VB MYND/EYÞÓR



Að sögn Álfheiðar hafa stór iðnfyrirtæki gríðarlega jákvæð áhrif á landsbyggðinni og er Elkem engin undantekning.

Þannig að ef Elkem hyrfi eða minnkaði verulega yrði það ekki bara áfall fyrir Grundartanga, starfsmenn og verktaka heldur fyrir allt Vesturland og þar með íslenskt efnahagslíf.“

Jákvæð skref

Eins og Álfheiður nefndi hafa stjórnvöld sett atvinnumál og verðmætasköpun í forgrunn.

„Það eru mjög jákvæð skref og sýna aukinn skilning á mikilvægi orkusækens iðnaðar fyrir hagvöxt og stöðugleika,“ segir hún. „Áföll síðustu mánaða hafa einnig haft þau áhrif að umræðan er orðin skýrari og meðvitund meiri um hve mikilvæg þessi starfsemi er fyrir landið í heild.“

En þrátt fyrir þessa jákvæðu þróun má enn segja að afleiddu áhrifin af starfseminni séu ekki nægilega sýnileg í almennt

Við getum ekki sætt okkur við að taka eingöngu að okkur skyldurnar í EES-samningnum en njóta ekki þeirra réttinda sem hann boðar.

Álfheiður Ágústsdóttir, forstjóri Elkem á Íslandi.

umræðu. Það þarf að draga skýrar fram fjölda beinna og óbeinna starfa, hvernig innviðir hafa byggst upp í kringum starfsemina og hvernig fyrirtækin hafa styrkt fjárhag sveitarfélaga og þjóðarbúsins.

Ef við ætlum að verja og styrkja samkeppnishæfni íslensks orkusækens iðnaðar þurfum við að auka sameiginlega meðvitund um þessar efnahagslegu undirstöður og tryggja að þær endurspeglast í raunverulegum ákvörðunum.“

Háð greiðum aðgangi að mörkuðum

Þar sem nær öll framleiðsla Elkem er til útflutnings er fyrir tækið háð greiðum aðgangi að erlendum mörkuðum.

„Hingað til hefur EES-samningurinn verið lykilforsenda fyrir aðgengi að okkar stærsta markaði Evrópu, en á móti kemur verulegur kostnaður vegna innleiðinga á reglugerðum og evrópskum kröfum,“ segir Álfheiður.





Álfheiður segir að stærstu afleiddu áhrif Elkem á íslenskt hagkerfi felist í útflutningsverðmætunum, sem nemi um 30 milljörðum króna á ári.

„Elkem Ísland selur afurðir sínar til Evrópu, Asíu og Bandaríkjanna og starfar í harðri alþjóðlegri samkeppni þar sem framleiðslukostnaður á hvert tonn ræður úrslitum. Samkeppnisstaða Elkem byggir á framleiðslu sérhæfðra afurða og sveigjanleika til að fullnýta framleiðslugetu á hverjum tíma. Framleiðni er lykilatriði í kísiljárnframleiðslu, þar sem hún hefur bein áhrif á kostnað, orkunýtingu og samkeppnishæfni. Með því að hámarka nýtingu tækjabúnaðar, hráefna og orkugjafa má draga úr kostnaði

1,1

Elkem áætla að beint tjón á árinu 2026 vegna verndar-tolla muni nema að lágmarki um 1,1 milljarði króna.

á hvert selt tonn. Nú er frjáls aðgangur að innri markaði Evrópu ekki lengur tryggður

eftir innleiðingu verndar-aðgerða (e. safeguard measures), auk þess sem Bandaríkin hafa sett á sértæka tolla á kísiljárn. Við þetta skapast hættu á að verðmyndun og vörufæði breytist þannig að erfitt verði að selja alla framleiðslu nema undir kostnaðarverði. Ef slíkar aðstæður skapast gæti þurft að draga úr framleiðslu með því að loka ofni, þar sem ekki er hagkvæmt að reka ofn á skertri afkastagetu.

Það er óásættanlegt að hafa verið útilokað frá innri markaði Evrópu tímabundið. Við getum ekki sætt okkur við að taka eingöngu að okkur skyldurnar í EES-samningnum en njóta ekki þeirra réttinda sem hann boðar.“

Tjón upp á 1,1 milljarð

Álfheiður segir að Evrópa sé lykilmarkaður Elkem.

„Verndartollarnir hafa því haft veruleg og bein áhrif á reksturinn. Við þurftum til að mynda að bregðast við með markaðsstoppi núna í desember og janúar þar sem við tókum einn af þremur ofnum út í rekstrarstopp. Við getum því miður ekki útilokað frekari markaðsstopp á árinu, ef þróunin heldur áfram að vera óhagstæð. Áætlað beint

”

Alþjóðlegt rekstrarumhverfi fyrir málframleiðslu hefur sjaldan verið jafn óstöðugt.

Álfheiður Ágústsdóttir, forstjóri Elkem á Íslandi.

tjón á árinu 2026 nemur að lágmarki um 1,1 milljarði króna, og gæti orðið meira.“

Hagsmunagæsla stjórnvalda

Spurð hvernig íslensk stjórnvöld standi sig í alþjóðlegri hagsmunagæslu fyrir útflutningsfyrirtækin svarar Álfheiður: „Sú hagsmunagæsla sem við höfum upplifað frá íslenskum stjórnvöldum, og sérstaklega í gegnum utanríkisþjónustuna, hefur verið mjög fagleg. Þar starfar fólk sem hefur skýra sýn á mikilvægi útflutningsgreina og vinnur markvisst að því að standa vörð um hagsmuni Íslands á alþjóðavettvangi. Það er mikilvægt að viðurkenna þá góðu vinnu sem þar fer fram og þakka fyrir það sem er vel gert.

Á sama tíma er ljóst að umhverfið sem útflutningsfyrirtæki starfa í er sibreytilegt og samkeppni verður sífellt harðari. Því eru tækifæri til að styrkja þessa hagsmunagæslu enn frekar — meðal annars með skýrari áherslum á samkeppnishæfni, markvissari iðnaðarstefnu og auknum stuðningi við þá geira sem byggja undir útflutning og verðmætasköpun.

Með því að byggja á þeim öflugum grunni sem þegar er til staðar má tryggja að Ísland standi jafnfætis þeim ríkjum sem leggja þunga áherslu á að verja og efla útflutningsatvinnuvegi sína.“

Álfheiður segir áskorunina felast í stærð Íslands.

„Við erum lítið land sem á mikið undir góðu samstarfi og bandalögum við önnur ríki. Við verðum aldrei ráðandi afl í alþjóðlegri hagsmunagæslu en við getum styrkt stöðu okkar með því að nýta þau tækifæri og þær reglur sem gilda á mörkuðum betur til að styðja við innlendan iðnað og útflutningsstarfsemi.

Með markvissri nálgun og áframhaldandi samtali við atvinnulífið er full ástæða til að ætla að Ísland geti staðið jafnfætis ríkjum sem eru mun stærri að umfangi — og tryggt að hagsmunir okkar séu áfram sýnilegir og varðir.“

Ríflega hálftrar aldar saga

● Saga kísiljárnverksmiðjunnar á Grundartanga nær aftur til ársins 1975 þegar Íslenska járnblendifélagið hf. var stofnað af ríkisstjórn Íslands í samvinnu við fyrirtækið Union Carbide í Bandaríkjunum.

Rétt rúmu ári eftir að Járnblendifélagið var stofnað dró Union Carbide sig út úr samstarfinu og í stað þess kom norska stórfyrirtækið Elkem að rekstrinum. Elkem átti 45% eignarhlut á móti 55% hlut ríkisins. Byrjað var á fyrri áfanga verksmiðjunnar árið 1977 með byggingu tveggja ofna og var sá fyrri tekinn í notkun árið 1979 og sá síðari ári seinna.

Árið 1984 keypti Sumitomo Corporation í Japan 15% hlut í Járnblendifélaginu af Elkem en árið 1997 var Elkem orðinn meirihluta-eigandi í félaginu. Þriðji ofn verksmiðjunnar var svo tekinn í notkun haustið 1999.

Nokkrar breytingar urðu á eignarhlut næstu árin á eftir og um tíma var félagið skráð á hlutabréfamarkaði á Íslandi. Elkem eignaðist félagið að fullu árið 2003. Árið 2008 var nafni fyrirtækisins breytt í Elkem Ísland ehf.



SØVE



LARS LAJ



SØVE



Íslensk framleiðsla



Íslensk framleiðsla



Íslensk framleiðsla

KRUMMA®



Við höfum þjónað Íslendingum síðan 1986
ÖRYGGI - GÆÐI - LEIKGILDI
Gylfaflöt 7, Grafarvogi | krumma.is

Þurfum að hreyfa okkur hraðar

Fátt ef nokkuð gæti haft jafnmikil áhrif á viðskipti við Bandaríkin og lagning gagnasæstrengs vestur um haf að sögn Sigríðar Mogensen. Mikill og einlægur áhugi sé í Bandaríkjunum á auknum viðskiptum og tengslum við Ísland.

SIGURÐUR GUNNARSSON
sigurdur@vb.is

Gervigreindarbyltingin er sennilega ein stærsta tækniþynging sögunnar. Ef Ísland ætlar að njóta góðs af henni í formi aukinna útflutningstekna og verðmætasköpunar þurfum við að hreyfa okkur mun hraðar,“ segir Sigríður Mogensen, sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs Samtaka iðnaðarins (SI).

Samtökin hafa að undanfögnu talað um mikilvægi þess að breyta tækifærum gervigreindar í ávinning fyrir samfélagið. Sigríður segir að fjölbreyttari og öflugri fjarskiptatengingar séu algjör lykilforsenda fyrir því að auka tekjur og byggja upp öflug fyrirtæki og verðmæt störf á sviði gervigreindar.

„Fjarskiptasæstrengur til Bandaríkjanna myndi opna á stóruaukin vöru- og þjónustuviðskipti á milli Íslands og Bandaríkjanna því hann myndi opna á möguleika á að hýsa og sinna gervigreindarinnviðum á Íslandi, með tilheyrandi útflutningstekjum fyrir okkur.“

Í september 2024 var greint frá áformum bandaríska félagsins Modularity um samstarf við Borealis Data Center, sem rekur þrjú gagnaver hér á landi, um lagningu sæstrengs til Bandaríkjanna og mögulega gagnaversþjónustu fyrir stór verkefni á sviði gervigreindar.

Á fundi SI í október síðastliðnum um þróun og áhrif gervigreindar í heiminum og tækifæri Íslands í því samhengi sagði Sigríður að taka þyrfti ákvarðanir hratt ef áhugi væri fyrir því að byggja upp stafræna innviði til Bandaríkjanna. Hún nefndi þannig að ef það ætti að takast að hefja rannsóknir á hafsbotninum í sumar í tengslum við lagningu sæstrengs vestur um haf þyrfti að taka ákvörðun fljótlega.

„Við hjá Samtökum iðnaðarins höfum verið að ýta þessu máli áfram og liðka fyrir samtölum. Við teljum að fjárfesting í fjarskiptasæstreng myndi hafa mikil og góð áhrif á verðmætasköpun hér á landi og höfum



Sigríður Mogensen, sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs Samtaka iðnaðarins.

VB MYND/EYÞÓR

16%

Hugverkaiðnaðurinn nam 16% af heildarútflutningstekjum Íslands árið 2024.

verið að hvetja stjórnvöld til að hafa áhrif á þessar ákvarðanir,“ segir Sigríður.

„Einkaaðilar í Bandaríkjunum eru mjög áhugasamir um verkefnið og aðilar hér heima. En til þess að gæta hagsmuna Íslands sem best er mikilvægt að íslensk stjórnvöld sitji við borðið og hafi áhrif á útfærsluna.“

”

Við þurfum sem samfélag og þjóð að ákveða að við viljum byggja upp alþjóðlega framúrskarandi fyrirtæki. Þetta gerist ekki af sjálfu sér.

Sigríður Mogensen, sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs SI.

Sigríður segir því að fátt ef eitthvað gæti haft jafnmikil áhrif á viðskipti við Bandaríkin og gagnasæstrengur vestur um haf.

„Með honum væri hægt að stórauka þjónustuútflutning frá Íslandi til Bandaríkjanna og við værum komin í sterk viðskiptatengsl við mörg af verðmætustu fyrirtækjunum í Bandaríkjunum. Slík fjárfesting krefst mjög lítils af okkar hálfu en myndi skila sér í auknum útflutningstekjum, fjölbreyttum og verðmætum störfum og auknu öryggi Íslands.“

Spurð um möguleg áhrif lagningar sæstrengsins á milliríkjasamskipti við Bandaríkin segir hún að samtökin trúu því að aukin viðskipti á milli Íslands og Bandaríkjanna, sérstaklega í tengslum við gervigreindaruppbyggingu, muni stuðla að breyttri samningsstöðu þegar kemur að tollasetningu.

Tækifæri til vaxtar í öflugum iðnaði

AutoCenter



BLIKKLAUSNIR





Sigríður var hluti af sendinefnd fulltrúa íslenskra fyrirtækja og stjórnvalda sem fundaði með fulltrúum bandaríska stjórnvalda í Washington í haust.

VB.MYND/BIG

Hagsmunagæsla í forgang

Samtök iðnaðarins hafa að undanfögnu talað fyrir aukinni hagsmunagæslu af hálfu íslenskra stjórnvalda, Alþingis, iðnaðar og atvinnulífs vegna breyttrar heimsmyndar. Sigríður segir að setja þurfi hagsmunagæslu Íslands í algjöran forgang á þessum tímum.

„Góð lífskjör hér á landi eru ekki sjálfgefin og við þurfum að tryggja hagsmunum okkar í breyttum veruleika. Frjáls milliríkja viðskipti eru ekki lengur sjálfsgöð og því þarf að huga að eins greiðum aðgangi að alþjóðamörkuðum og mögulegt er. Það hefur tekist ágætlega hjá okkur síðastliðna mánuði en við vitum ekki hvað er handan við hornið. Mestu skiptir að atvinnulífið og stjórnvöld snúi bókum saman, hafi sameiginlegan skilning á hagsmununum og fari sameiginlega í þessi samtöl, hvort sem er við ESB, Bandaríkin eða aðra, með skýrt plan.“ Samtökin gagnrýndu ákvörðun ESB í haust um verndaraðgerðir vegna kísiljárns þar sem Ísland og Norvegur eru ekki undanskilin.

„Við stóðum í ströngu síðasta sumar og í haust í mjög þéttu samstarfi við utanríkisráðuneytið til þess að tryggja sem besta útkomu og mögulegt var fyrir Ísland. Niðurstaðan var auðvitað vonbrigði að því leyti

Mikill áhugi í Bandaríkjunum

- Sigríður var hluti af sendinefnd fulltrúa íslenskra fyrirtækja og stjórnvalda sem fundaði með fulltrúum bandaríska stjórnvalda í Washington í haust. Krístrún Frostadóttir forsætisráðherra gerði þetta að umræðuefni á fundi um atvinnustefnu í september og sagði markmiðið að kanna kosti á frekari viðskiptum og samstarfi, m.a. við alþjóðleg stórfyrirtæki.

Funduð þið fyrir miklum áhuga hinum megin við borðið?

„Það er mikill og einlægur áhugi í Bandaríkjunum á auknum viðskiptum og tengslum við Ísland. Við sem vorum í þessari ferð fundum öll fyrir því. Enda erum við og höfum lengi verið mikill bandamaður Bandaríkjanna og öfugt. Bandaríkin eru eina landið sem gæti varið Ísland ef til átaka kæmi. Við teljum því mikilvægt að gera allt sem í okkar valdi stendur til að auka tengslin og viðskiptin og styrkja sameiginlega hagsmuni. Við höfum líka hvatt íslensk stjórnvöld til þess,“ segir Sigríður.

Spurð um næstu skref í samskiptum við bandarísk stjórnvöld segir hún að verkefnið sé í undirbúningi og tíðinda sé að vænta á allra næstu vikum.



Frjáls milliríkja viðskipti eru ekki lengur sjálfsgöð og því þarf að huga að eins greiðum aðgangi að alþjóðamörkuðum og mögulegt er.

Sigríður Mogensen, sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs SI.

að EES-samningurinn dugði ekki til, en í öllum meginatriðum var útfærslan nokkuð ásættanleg fyrir okkur. Þessu var þó harðlega mótmælt af okkur, í ráðgjafarnefnd EFTA og

af hálfu Elkem sem býr við þessar takmarkanir sem og íslenskra stjórnvalda,“ segir Sigríður.

Ottist þið að þessi ákvörðun verði fordæmisgefandi?

„Eins og staðan er núna tel ég ólíklegt að ESB leggi í svipaða vegferð gagnvart öðrum vörum og Íslandi og Noregi. Þetta var sérstakt mál sem átti sér langan aðdraganda. En það er aldrei að vita og ef þetta kemur upp aftur berjumst við alla leið.“

Viljum við alþjóðleg framúrskarandi fyrirtæki?

Sigríður tók við starfi sviðsstjóra hugverkasviðs SI árið 2017. Frá þeim tíma hefur hugverkaíðnaðurinn vaxið hratt og var vægi hans í heildarútflutnings-

40

Áætluð skattgreiðsla vegna sölu Kerecis nemur 40 milljörðum króna.

tekjum þjóðarinnar 16% á árinu 2024.

Hver eru helstu tækifærin til að styðja frekar við vöxt hugverkaíðnaðarins?

„Öflugir skattahvatar og fyrirsjáanleiki í starfsumhverfinu skipta mestu. Við keppum við önnur lönd um þessi framúrskarandi fyrirtæki og fjárfestingar og það er hægt að staðsetja störf af þessum toga nánast hvar sem er.

Ævintýrlegur vöxtur og árangur í tækni- og hugverkaíðnaði á síðustu árum er ekki tilviljun. Ef við viljum hins vegar sjá áframhald á vextinum þarf að styrkja kerfi skattahvata vegna rannsókna- og þróunar en kerfið hefur ekki virkað sem skyldi á síðustu misserum.“

Sigríður segir SI binda vonir við að með nýrri atvinnustefnu sýni stjórnvöld að þau vilji sjá þessi fyrirtæki vaxa hér á landi og búa til verðmæti fyrir land og þjóð. Þetta þurfi að sýna í verki.

„Við þurfum sem samfélag og þjóð að ákveða að við viljum byggja upp alþjóðlega framúrskarandi fyrirtæki. Þetta gerist ekki af sjálfu sér. Það þarf að búa til starfsumhverfi sem er fyrirsjáanlegt til margra ára, fyrirtæki gera áætlanir um fjárfestingar mörg ár fram í tímann og það gengur ekki að vera með tímabundnar ívilnanir sem eru háðar vindum hverju sinni. Það mikilvægasta sem ríkisstjórnin getur gert fyrir verðmætasköpun á Íslandi og þar með hag ríkissjóðs er að tryggja stöðugt og fyrirsjáanlegt starfsumhverfi sem stenst alþjóðlega samkeppni.“

Hún segir að í tækni- og hugverkaíðnaði verði til varanleg verðmæti fyrir hagkerfið, greinin skapi háframleiðnistörf. Gríðarlegu máli skipti því fyrir íslenskt efnahagslíf að styðja áfram við vöxt hugverkaíðnaðar.

„Nýlega var tilkynnt um væntanlega 40 milljarða króna skattgreiðslu vegna sölu Kerecis. Það munar heldur betur um minna fyrir íslenskt samfélag.“

Spurð um aðra þætti sem geti stutt við hugverkaíðnaðinn nefnir Sigríður m.a. að SI hafi lengi haft áhyggjur af stöðu STEAM-greina á Íslandi. Hún telur því að breyta þurfi um áherslur þannig að menntakerfið mæti betur nútímakröfum.

Tækifæri til vaxtar í öflugum iðnaði

FASTUS

GARMIN®



GKS
- gamla kompaníð -

HS
HITASTÝRING hf.
Ármúla 16 108 Reykjavík Sími: 552-2222

DELUXE  ICELAND

juhi

KALDALÓN
FASTEIGNAFÉLAG

LA
LAUNAFLL



Handtökin sem telja

Að hefja rekstur er hugrökk ákvörðun einstaklings sem hefur hugsjón, ástríðu og metnað til að koma vöru eða þjónustu á markað. Hugsjón frumkvöðulsins er drifin áfram af verðmætasköpun, vexti og samfélagslegum ábata.

Í upphafi þarf elju til þess að gera hlutina betur, hraðar eða á nýjan hátt. Hugsjónin getur þó orðið að draumórum þegar við blasir flókið og íþyngjandi regluverk. Setja verður í forgang leyfisumsóknir, skráningar og skýrslugjafir ásamt eftirfylgni við kröfum eftirlitsaðila. Á meðan bíða viðskiptavinir, birgjar, starfsfólk og síðast en ekki síst verðmætasköpunin.

Veldisvöxtur regluverks

Á undanförunum árum hefur regluverk aukist að umfangi svo um munar. Að hluta til á það við rök að styðjast m.a. vegna fólksfjölgunar, þróunar nýrra atvinnugreina ásamt skuldbindingum Íslands á innleiðingu EES-gerða.

Regluverk er nauðsynlegt enda tryggir það öryggi, gæði og samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Þegar regluverk gengur lengra en þörf krefur og er ógagnsætt hvað markmið varðar hættir það að þjóna tilgangi sínum og verður dragbítur fyrir samfélagið. Fyrir atvinnurekendur, þá sérstaklega lítil og meðalstór fyrirtæki sem eru hryggjarstykkið í íslensku atvinnulífi, þýðir það aukinn



Lilja Björk Guðmundsdóttir



Markmiðið ætti ekki endilega að vera færri reglur heldur betri reglur sem innihalda einfaldari ferla, samræmdar kröfur og raunhæft mat á áhrifum á fyrirtæki.

kostnað. Hver klukkustund sem fer í tvíverknað í gagnaskilum, bið eftir afgreiðslu í stjórnsýslunni eða kaup á sérfræðiaðstoð vegna óskýrleika regluverks er klukkustund sem er dýrkeypt og ekki varid í nýsköpun, vöruþróun eða markaðsstarf.

Óvandað regluverk er afar kostnaðarsamt fyrir samfélagið, enda eykur það líkur á ágrein- ingi, sem býr svo aftur til álag á kerfið og má í því samhengi nefna stjórnsýsluna og dómstóla. Sömu sjónarmið eiga við um nauðsyn þess að endurskoða gildandi regluverk til að tryggja

skilvirkni og að reglur séu uppfærðar og aflagðar í samræmi við þróun samfélagsins. Markmiðið ætti ekki endilega að vera færri reglur heldur betri reglur sem innihalda einfaldari ferla, samræmdar kröfur og raunhæft mat á áhrifum á fyrirtæki. Að öðrum kosti er hætt við að hugsjón víki fyrir varfærni og stöðnun.

Viljinn er til staðar en vinna þarf verkin

Um árábil hafa stjórnvöld boðað einföldun regluverks með misjöfnum árangri en ganga má að því vísu að það sé ávallt á dagskrá. Um er að ræða eilífðarverkefni stjórnvalda sem líkja má við vorhreingerninguna sem við ætlum alltaf að fara í en náum svo bara helmingi þrífanna rétt fyrir barnaafmælið í október. Sumt náum við að þrífa, annað setjum við inn í skáp og liggjum á bæn að enginn opni dyrnar en annað þurfum við að horfast í augu við að ná ekki að þrífa og stendur það óhreyft. Sama á við um stjórnvöld þar sem viljinn er til staðar en vinna þarf verkið.

Til þess að ná forgangsroðun og hreyfa við hlutum verða stjórnvöld að líta á atvinnulífið sem samherja í þessu eilífðarverkefni. Fyrirtækin eru fyrst til að finna á eigin skinni neikvæðar afleiðingar íþyngjandi regluverks og þurfa stjórnvöld að vera móttækileg fyrir slíku samtali og í viðbragðsstöðu, enda eru það hagsmunir heildarinnar að sem mest verðmæti verði til.

Mikil áhrif á lítil og meðalstór fyrirtæki

Það sama er á dagskrá hjá atvinnurekendum hvað varðar einföldun regluverks. Ekki nægir að fjalla eingöngu um mikilvægi einföldunar regluverks heldur þurfa raunhæf dæmi að fylgja með til að átta sig á áhrifum.

Regluverk er varðar útgáfu starfsleyfa er gott dæmi um aðkallandi einföldun sem stendur til að breyta á núverandi löggjafarþingi. Í því samhengi má nefna jarðboranir, sem eru eðli málsins samkvæmt færanleg starfsemi sem fer fram í ýmsum sveitarfélögum. Núverandi fyrirkomulag, þar sem verktakar þurfa að sækja um starfsleyfi fyrir hverja einustu holu til heilbrigðisnefnda í hverju því sveitarfélagi sem borað er í, óháð því hvort hún er 30 eða 3.000 metrar, er óþarflega íþyngjandi, langt og kostnaðarsamt.

Annað dæmi er að aðilar á markaði sem taka þátt í opinberum útboðum þurfa að skila inn ársreikningi ásamt fleiri gögnum í hvert skipti sem tekið er þátt í útboði hjá sömu opinberu stofnuninni þrátt fyrir að gögnin séu aðgengileg í miðlægum grunni hins opinbera.

Áhrif á lítil og meðalstór fyrirtæki eru mikil þegar sömu hendur ganga í öll verk, margt smátt gerir eitt stórt. Þetta eru handtökin sem telja.

Tækifæri til vaxtar í öflugum iðnaði

MAGNA
L Ö G M E N N

 **málning**

 **METAL^{EHF}**



The logo for NÓI SÍRÍUS features a stylized 'NS' monogram with a star above the 'N'. Below the monogram, the words 'NÓI SÍRÍUS' are written in a serif font.

The logo for NÝMÓTI features a solid red rectangle above the word 'NÝMÓTI' in a bold, sans-serif font. Below 'NÝMÓTI', the words 'BYGGINGAVERKTAKAR' are written in a smaller, all-caps font.

 **ORKUVIRKI**

The logo for ÖGURVERK features a stylized red roof shape above the word 'ÖGURVERK' in a bold, sans-serif font.

The logo for payday features a stylized arc above the word 'payday' in a lowercase, sans-serif font.

Þar sem hjólin snúast, þar er líf

Eitt stærsta hagsmunamál íslensku þjóðarinnar er að hér þrífist öflug og fjölbreytt verðmætasköpun.

Í orðræðu stjórnmalanna og dægurumræðunni vill hugtakið „verðmætasköpun“ stundum verða svolítið óhlutbundið, eitt-hvað sem gerist í tölvukerfum bankanna eða í ársreikningum stórfyrirtækja. En veruleikinn er sá að verðmætasköpun er undirstaða velferðar. Hún er drifkrafturinn sem knýr samfélög um land allt áfram og greiðir fyrir heilbrigðiskerfið, menntunina, samgöngurnar o.fl.

Keðjuverkun tækifæranna

Öflugur iðnaður skapar verðmæti og er því forsenda góðra lífskjara en þegar rætt er um uppbyggingu iðnaðar hættir umræðunni til að einskorðast við þá starfsemi sem fer fram innan veggja tiltekins fyrirtækis. En áhrif öflugs iðnaðar eru víðtækari.

Stór verkefni verða ekki að veruleika án aðkomu fjölbreyttra iðngreina. Þegar nýr iðnaður verður til eru það hendur heimafélks sem byggja hann upp og viðhalda. Þetta skapar verkefni fyrir verktaka, rafvirkja, pípara, málmíðnaðarmenn, verkfræðinga og arkitekta. Þjónustufyrirtæki verða til, verslun eykst og athafnalífið fær á sig nýjan blá. Verkefnastaðan breytist og það skapar stöðugleika sem gerir litlum og meðalstórum fyrirtækjum kleift að vaxa.

Þetta samspil er kjarninn í þeirri verðmætasköpun sem Samtök iðnaðarins tala fyrir. Þetta snýst ekki um eitt einangrað fyrirtæki; þetta snýst um vistkerfi þar sem öflugir innviðir laða að ný verkefni og ný verkefni styrkja samfélög um land allt. Sveitarfélög sem hýsir öflugan iðnað nýtur góðs af, ekki bara vegna útvarstekna frá fyrirtækinu sjálfu, heldur vegna þess að lítil og meðalstór fyrirtæki í þjónustu og iðnaði spretta upp í kringum kjarnastarfsemina. Þessi margfeldisáhrif verða lífæðar. Þau tryggja að fyrirtæki hafi verkefni allan ársins hring og að sérhæfð þjónustufyrirtæki geti þrífist utan höfuðborgarsvæðisins.

Að velja búsetu án þess að fórna frama

Ein mikilvægasta breytingin sem fylgir nútímalegum og fjöl-



Jóhanna Klara Stefánsdóttir



Þegar stjórnvöld, sveitarfélög og atvinnulíf róa í sömu átt, þegar samhljómur næst milli framtíðarsýnar og framkvæmda, þá leysist úr læðingi kraftur sem getur breytt landslagi heilu byggðarlaganna.

breyttum iðnaði í samfélögum um land allt er áhrifin á mannauðinn. Lengi vel hefur sú mýta lifað að til þess að vinna við nýjustu tækni eða krefjandi sérfræðistörf þurfi fólk að flytja á mölina eða jafnvel úr landi. Með tilkomu öflugs iðnaðar víðs vegar um landið er þessi mynd að breytast hratt.

Nútímaíðnaður er hátækni-íðnaður. Hann krefst iðn- og tæknimenntunar, sérfræðipækkingar á heimsmaelikvarða. Þegar sérhæfð iðnaðarstarfsemi byggir upp starfsemi á landsbyggðinni verða til sérhæfð störf fyrir iðnmenntaða, verkfræðinga, tækni-fræðinga, forritara, líffræðinga og svo mætti lengi telja.

Störfin og tækifærin sem iðnaðurinn skapar eru forsenda þess að fólk geti valið sér búsetu án þess að fórna starfsframa. Ungt fólk með sérfræðipækkingu, sem kláraði nám og bjóst við að þurfa að festa rætur annars staðar, getur nú komið heim. Það getur unnið við nýjustu tækni, nýtt menntun sína til fulls og á sama tíma notið þeirra lífsgæða sem fylgja því að búa í heimabyggð sinni nær fjölskyldu og vinum.

Til að þessi jákvæða þróun geti haldið áfram verðum við að tryggja að menntakerfið okkar sé í takti við þarfir atvinnulífsins. Það þarf að leggja stórauðna áherslu á STEM-greinar (vísindi, tækni, verkfræði og stærðfræði)



og tryggja að verknámsskólar um land allt séu öflugir og vel tækjum búnir. Þeir þurfa að vera í stakk búnir til að mæta eftirspurn áhugasamra nemenda, kenna á nýjustu tækni og vera í nánú samstarfi við atvinnulífið á svæðinu.

Hlutverk ríkisins:

Festa og fyrirsjáanleiki

Þegar stjórnvöld, sveitarfélög og atvinnulíf róa í sömu átt, þegar samhljómur næst milli framtíðarsýnar og framkvæmda, þá leysist úr læðingi kraftur sem getur breytt landslagi heilu byggðarlaganna. En til þess að fyrirtæki treysti sér til að fjárfesta og byggja upp til framtíðar verður fyrirsjáanleiki að vera til staðar. Þótt iðnaðurinn sé drifinn áfram af einkaframtaginu leikur hið opinbera lykilhlutverk í að skapa skilyrðin. Hér hefur oft skort á heildarsýn.

Innviðir – orka, samgöngur og fjarskipti – eru æðakerfið sem heldur atvinnulífinu gangandi. Aðgangur að tryggri orku og öflugum tengingum er forsenda þess að hægt sé að byggja upp öflugt samfélag, hvar sem er á landinu. Það þýðir að uppbygging flutningskerfis raforku og samgöngumannvirkja verður að halda í við þarfir atvinnulífsins. Leyfisveitingarferli verða að vera skilvirk og leikreglur skýrar.

Við getum ekki talað um nútímalega atvinnuuppbyggingu

ef raforkukerfið (flutnings- og dreifikerfið) annar ekki eftirspurn eða er óstöðugt. Orkusækinn iðnaður og orkuskiptin kalla á að raforka sé aðgengileg og afhendingaröryggi tryggt. Það sama gildir um samgöngur; vegir þurfa að vera greiðfærir fyrir vöruflutninga og fólk, og háhraðatengingar eru jafn mikilvægar í dag og rafmagn var fyrir öld síðan.


Ríki og sveitarfélög þurfa að sýna festu í áformum sínum því fjárfestingar í iðnaði eru oft til langs tíma – áratuga jafnvel. Ef ákveðið er að byggja upp á tilteknu svæði verður stjórnsýslan að styðja við það með skilvirkum hætti. Því verður hið opinbera að bjóða upp á stöðugleika sem hægt er að treysta á. Þetta snýst um að ryðja hindrunum úr vegi og skapa umhverfi þar sem verðmætasköpun fær að njóta sín án óþarfa byrða.

Fjölgum sögunum

Við stöndum á tímamótum þar sem tækifærin eru allt í kringum okkur. Sögur um öflugan iðnað má finna um land allt og enn fleiri biða þess að verða að veruleika. En til þess þurfum við að tryggja að umgjörðin sé rétt til frekari verðmætasköpunar því þar sem hjólin snúast, þar er líf.

Höfundur er sviðsstjóri mannvirkjasviðs Samtaka iðnaðarins.

Tækifæri til vaxtar í öflugum iðnaði



Þónþing 2026

| Fimmtudaginn 5. mars, kl. 14–16 í Silfurbergi, Hörpu

Finum samhjóinn

Við byggjum öll okkar lífskjör á framleiðslu verðmæta. Aukið spennustig á alþjóðasviðinu og breytt aðgengi að erlendum mörkuðum kalla á sterka hagsmunagæslu Íslands. Óvissa og auknar þrengingar í efnahagsmálum hér á landi krefjast þess að heimatilbúnum hindrunum verði rutt úr vegi í þágu samfélagsins alls.

Með því að stilla saman strengina getum við skapað samhjóinn um nauðsynlegar umbætur.



Samtök
iðnaðarins